



**678. fundur bæjarráðs Hveragerðis**  
**haldinn í fundarsal Sunnumörk 2, fimmtudaginn 6. júlí 2017 kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Unnur Þormóðsdóttir formaður, Eyþór H. Ólafsson, Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram. Í upphafi fundar bókaði bæjarráð þakkir til landsmótsnefndar, HSK, UMFÍ, félögum í Hamri og öðrum sem komu að landsmóti 50+ fyrir gott starf við undirbúning og framkvæmd mótsins. Landsmótið tókst mjög vel.

**Dagskrá:**

**1. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 14. júní 2017. - 1706028**

Í bréfinu er staðfest að eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Óskalandi er lokið. Ráðuneytið telur að Hveragerðisbær hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 14. júní 2017. - 1706028](#)

**2. Bréf frá Velferðarráðuneytinu frá 21. júní 2017. - 1706041**

Í bréfinu fagnar ráðuneytið því að Hveragerðisbær hafi samþykkt byggingu nýs leikskóla þar sem börnum býðst leikskólavistun frá eins árs aldri. Í bréfinu koma einnig fram þakkir til bæjarins fyrir ábendingar um lengingu fæðingarorlofs.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Velferðarráðuneytinu frá 21. júní 2017. - 1706041](#)

**3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga ódagsett. - 1706043**

Í bréfinu sem er afrit af bréfi frá Vináttu í verki þar sem óskað er eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna hamfaranna sem urðu á Grænlandi þann 18. júní sl.

*Bæjarráð samþykkir að styrkja verkefnið um 100.000.- kr.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga ódagsett. - 1706043](#)



**4. Bréf frá Búmönnum frá 18. júní 2017. - 1706029**

Í bréfinu er fréttatilkynning frá húsnæðissamvinnufélagi Búmannna hsf. að afloknum aðalfundi félagsins 15. júní s.l. Í henni kemur fram að félagið stendur mjög vel núna þrátt fyrir að hafa nær orðið gjaldþrota 2015.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Búmönnum frá 18. júní 2017. – 1706029](#)

**5. Minnisblað frá byggingarfulltrúa: Gatnagerð í Hólmabrun. - 1706026**

Lagt fram minnisblað frá byggingarfulltrúa um kostnaðaráætlun í gatnagerð í Hólmabrun.

*Bæjarráð samþykkir að fela byggingarfulltrúa að hefja nú þegar hönnun og gerð útboðsgagna vegna gatnagerðarinnar. Ákvörðun um framkvæmdir verður tekin þegar þau gögn liggja fyrir.*

Fylgigögn:

[Minnisblað frá byggingarfulltrúa: Gatnagerð í Hólmabrun. - 1706026](#)

**6. Lögreglusamþykkt fyrir Suðurland, síðari umræða. - 1706020**

Lögð fram til síðari umræðu lögreglusamþykkt fyrir Suðurland.

*Lögreglusamþykktin samþykkt samhljóða.*

Fylgigögn:

[Lögreglusamþykkt fyrir Suðurland, síðari umræða. - 1706020](#)

**7. Minnisblað frá bæjarstjóra: Breiðamörk 1B - Hótel ör. - 1706040**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna Breiðumörk 1B - Hótel Ör en á fundi bæjarráðs þann 8. júní var samþykkt að bæjarstjóri gerði tímabundinn samning við Hótel Ör um afnotarétt. Við nánari skoðun kom í ljós að í gildi er samkomulag til 25 ára við Nóa- fasteignafélag um nýtingu lóðarinnar.

*Bæjarráð biðst velvirðingar á þeim óþægindum sem þessi mistök hafa valdið lóðarhafa en ljóst er að um úthlutun á umræddri lóð verður ekki að ræða á meðan að samningurinn er í gildi.*

Fylgigögn:

[Minnisblað frá bæjarstjóra: Breiðamörk 1B - Hótel ör. - 1706040](#)

**8. Lóðarumsóknir Dynskógar 13. - 1706045**

Fyrir fundinum liggja 8 umsóknir um lóðina Dynskógar 13. Kristján Óðinn Unnarsson fulltrúi sýslumanns hafði umsjón með útdrætti um lóðina.

*Bæjarráð samþykkir að úthluta Indriða Hrannari Blöndal lóðina Dynskógar 13 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.*



*Samþykkt var að draga þrjá til vara: 1. Janus Bjarnason, 2. Agnar Guðmundsson og 3. Sandra Sigurðardóttir.*

*Bæjarráð samþykkir að framsal lóða er óheimilt og mun bæjarráð ekki samþykkja nafnabreytingar á úthlutaðri lóð fyrir en framkvæmdir teljast hafnar og lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út.*

Fylgigögn:

[Lóðarumsóknir Dynskógar 13. - 1706045](#)

**9. Samkomulag Hveragerðisbæjar við Suðursali ehf. - 1706049**

Lagt fram samkomulag milli Hveragerðisbæjar og Suðursala ehf um lóðirnar Sunnumörk 1 og 3, Austurmörk 24 og Austurmörk 25.

*Samningurinn samþykktur.*

Fylgigögn:

[Samkomulag Hveragerðisbæjar við Suðursali ehf. - 1706049](#)

**10. Minnisblað frá byggingarfulltrúa: Viðhaldsvinna, Friðarstaðir Hveragerði. - 1706047**

Lagt fram minnisblað frá byggingarfulltrúa um kostnað við að skipta um forðakút á Friðarstöðum og tengja hann við eldra kerfi.

*Afgreiðslu málsins frestað.*

Fylgigögn:

[Minnisblað frá byggingarfulltrúa: Viðhaldsvinna, Friðarstaðir Hveragerði. - 1706047](#)

**11. Leigusamningur við Kvenfélag Hveragerðis um Fljótsmörk 2 ásamt áætlun um breytingu á húsnæði. - 1706039**

Lagður fram nýr leigusamningur við Kvenfélag Hveragerðis um leigu á húsnæði Fljótsmörk 2 fyrir skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Einnig er lögð fram áætluð kostnaðarhlutdeild Hveragerðisbæjar vegna breytinga á fyrirhuguðu húsnæði upp á kr. 3.211.102.-

*Bæjarráð samþykkir leigusamninginn og áætlaða kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins vegna breytinga á húsnæðinu.*

Fylgigögn:

[Leigusamningur við Kvenfélag Hveragerðis um Fljótsmörk 2 ásamt áætlun um breytingu á húsnæði. - 1706039](#)

**12. Þarfagreining á félagslegum leiguíbúðum í Árnessýslu utan Árborgar. - 1706032**

Lögð fram þarfagreining á félagslegu leiguhúsnæði í sveitarfélögum utan Árborgar er forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesings gerði.

*Lagt fram til kynningar.*



Fylgigögn:

[Parfagreiðing á félagslegum leiguíbúðum í Árnessýslu utan Árborgar. - 1706032](#)

### 13. Fundargerð skipulag- og mannvirkjanefndar frá 27.júní 2017. - 1706046

Með fundargerðinni fylgdu athugasemdir Skipulagsstofnunar á Aðalskipulagi Hveragerðis 2017-2029 og minnispointar frá Skipulagsfulltrúa um svar við athugasemdunum.

Liðir afgreiddir sérstaklega: 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 7.

*Liður 1 "Heildarendurskoðun aðalskipulags Hveragerðis 2005-2017 - verkstaða" afgreiddur sérstaklega.*

*Að mati bæjarráðs eru athugasemdir Skipulagsstofnunar minniháttar og hafa ekki áhrif á þá stefnumörkun sem sett er fram í skipulagstillögunni. Því samþykkir bæjarráð að tillit verði tekið til athugasemda stofnunarinnar og að aðalskipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim breytingum sem skipulagsfulltrúi leggur til í minnisblaði sínu.*

*Liður 2 "Austurmörk, Sunnumörk og Mánamörk, deiliskipulagstillaga" afgreiddur sérstaklega.*

*Bæjarráð samþykkir að tillagan verði auglýst með ofangreindum breytingum sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhlíða tillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Hveragerðis.*

*Liður 3 "Edenreitir, deiliskipulagstillaga" afgreiddur sérstaklega.*

*Bæjarráð samþykkir að tillagan verði auglýst sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhlíða tillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Hveragerðis.*

*Liður 4 "Sunnumörk 6, athafna- og íbúðarhús, breyttir aðaluppdrættir" afgreiddur sérstaklega.*

*Bæjarráð samþykkir byggingaráformin. Bæjarráð vill minna á ákvæði í gildandi deiliskipulagi um gróður og græn svæði á athafnalóðum á þessu svæði. Skipulagsfulltrúa falið að fylgja þessum ákvæðum eftir og gera bæjarráði grein fyrir niðurstöðum þeirra vinnu eins fljótt og hægt er.*

*Liður 5 "Borgarheiði 11v, viðbygging" afgreiddur sérstaklega.*

*Bæjarráð samþykkir byggingaráformin.*

*Liður 6 "Heiðmörk 54 og 56, fyrirspurn um stækkun bílskúra" afgreiddur sérstaklega.*

*Bæjarráð samþykkir stækkun bílskúranna.*

*Liður 7 "Austurmörk 1, umsókn um stöðuleyfi fyrir færanlegu húsi" afgreiddur sérstaklega.*

*Bæjarráð samþykkir stöðuleyfið í 6 mánuði.*

Fylgigögn:

- (1) [Fundargerð skipulag- og mannvirkjanefndar frá 27.júní 2017. – 1706046](#)
- (2) [Bréf frá Skipulagsstofun frá 30.júní 2017](#)
- (3) [Minnispointar frá skipulagfulltrúa](#)



**14. Fundargerð Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls frá 20. júní 2017. - 1706031**

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

Fylgigögn:

[Fundargerð Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls frá 20. júní 2017. - 1706031](#)

**15. Fundargerð menningar-, íþrótt- og frístundanefndar frá 12. júní 2017. - 1706025**

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

Fylgigögn:

[Fundargerð menningar-, íþrótt- og frístundanefndar frá 12. júní 2017. - 1706025](#)

**16. Fundargerð NOS frá 15.júní 2017. - 1706038**

*Varðandi lið 2 "Beiðni um starfsaðstöðu fyrir náms- og starfsráðgjafa uppsveita og Flóa" tekur bæjarráð undir bókun nefndarinnar og hafnar erindinu.*

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

Fylgigögn:

[Fundargerð NOS frá 15.júní 2017. - 1706038](#)

**17. Leikskóli Þelamörk 62, verkfundargerð frá 20. júní 2017. - 1706030**

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

Fylgigögn:

[Leikskóli Þelamörk 62, verkfundargerð frá 20. júní 2017. - 1706030](#)

**18. Leikskólin Þelamörk 62, verkfundargerð frá 4.júlí 2017. - 1707001**

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

Fylgigögn:

[Leikskólin Þelamörk 62, verkfundargerð frá 4.júlí 2017. - 1707001](#)

**19. Hjallabrún gatnagerð, verkfundargerð frá 21. júní 2017. - 1706033**

*Fundargerðin samþykkt samhljóða*

Fylgigögn:

[Hjallabrún gatnagerð, verkfundargerð frá 21. Júní 2017. - 1706033](#)

**20. Fræðslunet Suðurlands - Ársreikningur og ársskýrsla 2016. - 1706035**

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

(1) [Fræðslunet Suðurlands - Ársreikningur 2016. – 1706035](#)

(2) [Fræðslunet Suðurlands – Ársskýrsla 2016. - 1706035](#)



**21. Fundargerð stjórnar SASS frá 21.júní 2017. – 1706037**

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar SASS frá 21.júní 2017. – 1706037](#)

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40**

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)